



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

Akureyri 26. febrúar 2021

Efni: Umsögn bæjarstjórnar Akureyrar vegna frumvarps til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

Bæjarstjórn Akureyrar fagnar því markmiði frumvarpsins að setja heildstæð lög um rekstur og uppbyggingu flugvalla og flugleiðsögubjónustu á Íslandi. Hins vegar er óskað eindregið eftir því að tekið verði tillit til eftirfarandi athugasemda:

Gerðar eru athugasemdir við það að hvergi í frumvarpinu sé minnst á áætlanir um uppbyggingu annarra alþjóðflugvalla á Íslandi en einvörðungu horft til uppbyggingar á Keflavíkflugvelli. Þetta er mjög alvarlegur ágalli, sérstaklega í ljósi þess að stjórnvöld hafa ákveðið að ráðast í uppbyggingu á Akureyrarflugvelli þar sem til stendur að stækka flugstöð og flughlað til muna og eru þær framkvæmdir nú þegar hafnar. Þetta eru framkvæmdir sem miða að því að opna fleiri alþjóðlegar fluggáttir inn í landið til framtíðar og mikilvægt að þeirra sé getið í nýjum lögum.

Fleiri alþjóðlegar gáttir inn í landið eru að mati bæjarstjórnar Akureyrar forsenda áframhaldandi uppbyggingar og þróunar sjálfbærrar ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Hér er um að ræða mjög mikilvægt byggða- og búsetumál sem mikilvægt er festa enn frekar í sessi með sérstakri grein í nýju frumvarpi til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

Ferðaþjónusta hefur á síðari árum verið stærsta atvinnugrein landsins og á allt sitt undir því að hér á landi séu vel búnir og öruggir flugvellir í fleiri en einum landshluta sem geti þjónað þeim gestum sem hingað vilja koma. Í þessu sambandi er vert að minna á hvernig Akureyrarflugvöllur sannaði gildi sitt og mikilvægi þegar gjósa fór í Eyjafjallajökli árið 2010 og völlumurinn varð miðstöð fyrir allt flug til og frá landinu.

Það er mat bæjarstjórnar Akureyrar að brýnt sé að í lögnum sé horft heilstætt til uppbyggingar alþjóðflugvalla á Íslandi, hvort heldur sem er í Keflavík, á Akureyri eða Egilsstöðum.

f.h. bæjarstjórnar Akureyrar

Virðingarfyllt,

Ásthildur Sturludóttir,
bæjarstjóri á Akureyri